



- fyrir íslenska verslun

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2009

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa), 70. mál, (Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010).**

### I. Almennt um frumvarpið og efnislegar ábendingar

Vísað er til erindis háttvirtrar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 10. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (réttindi hluthafa).

FÍS telur að umrætt frumvarp feli í sér breytingar sem séu jákvæðar. Með frumvarpinu eru stjórnhættir ákveðinna félaga færðir til betra horfs sem verður að telja jákvætt. FÍS bendir hins vegar á að færa má sterkt rök fyrir því að fleiri félög en þau sem frumvarpið tekur til kunni að njóta góðs af slíkum endurbótum.

Með tilliti til þess lærðóms sem draga má af þróun viðskiptalífsins undanfarin misseri og breyttra viðhorfa í þjóðféluginu kann því að vera eðlilegt að þær breytingar sem frumvarpið kveður á um taki til hlutafélaga í heild sinni en ekki einungis þeirra sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Vandséð er að takmörkun bættra stjórnháttar eigi að einskorðast við svo þróngan hóp félaga eins og lagt er til í frumvarpinu. FÍS gerir það því að tillögu sinni að gildissvið umræddrar breytingar verði víkkað út til muna og látið ná til allra félega yfir ákveðinni stærð.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/36/EB kemur ekki í veg fyrir að ríki geti lagt frekari skyldur á félög eða að þau geri frekari ráðstafanir til að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi þau sem tilskipunin kveður á um, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Vandaðir stjórnhættir fyrirtækja eiga ekki að vera forréttindi hluthafa í sérvöldum félögum. Þeir eiga að mati FÍS að vera almennir og verja sem breiðastan hóp hluthafa, kröfuhafa og almennra haghafa í íslenskum hlutafélögum.

Ákvæði um aukin réttindi hluthafa og aukið gagnsæi almennt geta að mati FÍS aðeins haft góð áhrif til framtíðar. FÍS þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað en gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en að ofan greinir.




-fyrir íslenska verslun

## II. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Harpa Sam.

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur  
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



-fyrir íslenska verslun